



Reykjavík, 17. september 2020

R20090112

6631

bb

## Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Grafarlækur - Stekkjarmóar - Djúpidalur - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 17. september 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. september 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 9. september 2020 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grafarlæks, Stekkjamóa og Djúpadal, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lögð fram umsókn T.ark Arkitekta ehf., dags. 15. júní 2020, varðandi breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar - Stekkjarmóá - Djúpadals. Í breytingunni felst stækkan á byggingarreit e3 í suðurátt til að rúma verkstæði og vélageymslu ásamt aukningu á byggingarmagni. Umsóknin er um mjög aukið byggingamagn. Áhrif á umhverfi verða talsverð. Tyrfa skal jaðra verkstæðis og vélageymslu með lyngþökum eða sambærilegum þökum í samræmi við núverandi gróður í næsta nágrenni til að hús falli betur inn í landslagið og sé minna sýnilegt frá golfvelli. Það er mat fulltrúa Flokks fólksins að talsvert mikil bjartsýni er að halda því fram að lyngþökur séu lausn á útlitsumhverfisvandamáli. Slíkur gróður þarf mikla umönnun ef hann á að haldast. Varla er hægt að réttlæta mikið byggingarmagn með þessum rökum einum.

Helga Björk Laxdal  
e.u.